

# Erindisbréf fyrir deildarforseta Háskóla Íslands

## 1. Skipun

Forseti fræðasviðs velur deildarforseta til tveggja ára í senn samkvæmt tilnefningu deildarfundar. Háskólaráð setur reglur um val deildarforseta (sbr. 12. gr. laga um opinbera háskóla). Deildarforseti ber ábyrgð gagnvart forseta fræðasviðs sem er yfirmaður hans. Deildarforseti situr í stjórn fræðasviðs og vinnur ásamt forseta og öðrum í stjórn sviðsins að því að framfylgja ákvörðunum sviðsforsetans og stjórnarinnar. Deildarforseti nýtur í starfi aðstoðar og stuðnings frá skrifstofu og stoðþjónustu deildar og fræðasviðs eftir því sem við á. Hann fær umbun fyrir störf sín í samræmi við samþykktir háskólaráðs og fjármálanefndar.

## 2. Ábyrgð

Deildarforseti er faglegur forystumaður deildar og ber ábyrgð á eftirtöldum málefnum, í umboði forseta fræðasviðs:

- öflugri liðsheild, faglegu samstarfi og samskiptum,
- stýrir valnefnd við ráðningu nýrra starfsmanna í deild, (á ekki við á Menntavísindasviði)
- starfsemi deildar og starfseininga hennar og að hún sé í samræmi við fjárhagsáætlun fræðasviðs
- formaður sjálfsmatshóps deildar í tengslum við gæðamat og ber ábyrgð á greinargerðum um starfsemi deildar, s.s. í Árbók Háskóla Íslands

Deildarforseti gerir forseta fræðasviðs reglulega grein fyrir árangri deildar í kennslu, rannsóknum, stjórnun, alþjóðlegu og innlendu samstarfi ásamt framlagi hennar til íslensks samfélags.

Deildarforseti ber stjórnarsýslulega ábyrgð á málefnum deildar og ber m.a. að gæta þess að farið sé eftir stjórnarsýslulögum.

## 3. Helstu verkefni

### 2.1 Stefnumótun

Deildarforseti hefur frumkvæði að mótun stefnu deildar í samræmi við stefnu viðkomandi fræðasviðs og stefnu Háskóla Íslands í umboði forseta fræðasviðs. Deildarforseti stýrir og boðar til deildarfunda a.m.k. einu sinni á misseri. Á milli deildarfunda og eftir atvikum deildarráðsfunda fer deildarforseti í umboði þeirra með ákvörðunarvald í öllum málum deildar. Deildarforseta er heimilt að skipa starfsnefndir sem eru honum til ráðgjafar og aðstoða við stefnumótun og sinna tilteknum verkefnum samkvæmt erindisbréfi.

### 2.2 Fagleg forysta, árangur og gæði

Deildarforseti hefur forystu í faglegum málefnum deildar og eftirlit með árangri og gæðum náms, kennslu, rannsókna og nýsköpunar í starfsemi deildarinnar, í samræmi við stefnu deildar og formlegt gæðakerfi og mælikvarða Háskóla Íslands. Þá er deildarforseti í forystu hvað varðar tengsl deildar við innlenda og erlenda samstarfsaðila og velunnara.

Deildarforseti fundar reglulega með kennurum og fulltrúum nemenda um árangur, gæði og áherslur í rannsóknum og kennslu. Deildarforseti eða námsbrautarstórar þar sem það á við, ber ábyrgð á kennslu í deild eða námsbraut og stendur fyrir reglubundinni umfjöllun um markmið námsins og inntak prófgráða, viðmið um inntak einstakra námskeiða og námsleiða út frá þekkingu, hæfni og færni sem nemendum er ætlað að búa yfir við námslok (e. learning outcome). Deildarforseti kynnir og fylgir eftir niðurstöðum kennslukannana, viðhorfskannana og annara gagna um árangur í námi og kennslu, m.a. í samráði við nemendur. Hann ber ábyrgð á gerð kennsluskrár deildar. Hann hefur eftirlit með því að inntökuskilyrðum sé fylgt og ber ábyrgð á málefnum nemenda, m.a. góðri þjónustu við þá á vettvangi deildar og fræðasviðs. Deildarforseti undirritar prófskríteinu nemenda sinnar deildar og brautskrár þá í samræmi við reglur Háskólans. Þá stýrir deildarforseti doktorsvörnum sem fram fara við deildina.

### 2.3 Stjórnun og starfsmannamál

Deildarforseti á sæti á háskólaþingi, í stjórn fræðasviðs, á þingi fræðasviðs, stýrir deildarfundum, er formaður deildarráðs, fer með ákvörðunarvald í málefnum deildar á milli funda og er talsmaður deildar

inn á við og út á við í öllum málefnum deildar. Deildarforseti heldur utan um ráðningarferli akademískra starfsmanna í umboði forseta fræðasviðs, þ.e. undirbýr starfsauglýsingar til birtingar, tilnefnir fulltrúa deildar í dómnefnd og valnefnd, er formaður valnefndar og annast móttöku nýrra starfsmanna í samráði við forseta, mannauðsstjóra fræðasviðs og starfsmannasvið skólans. Deildarforsetar geta annast ráðningar á stundakennurum í umboði forseta fræðasviða þegar við á.

Deildarforseti fer reglulega með starfsmönnum deildar yfir árangur þeirra í starfi (starfsmannasamtal). Í ákveðnum tilfellum geta sviðsforseti, deildarforseti og varadeildarforseti (eða formenn námsbrauta þar sem við á) skipt með sér samtölunum.

Deildarforseti stuðlar að góðu samstarfi, starfsanda og ber ábyrgð á eflingu góðra samskipta meðal starfsmanna í deild. Hann fylgir eftir niðurstöðum starfsumhverfiskönnunar sem Háskóli Íslands stendur fyrir annað hvert ár. Ef alvarlegur vandi kemur upp meðal starfsmanna ber deildarforseta að gera forseta fræðasviðs grein fyrir því.

Forseti fræðasviðs ákveður í samráði við deildarforseta skiptingu starfsskyldna akademískra starfsmanna í samræmi við gildandi reglur um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við Háskóla Íslands, þ.m.t. stjórnunarstörf í námsbrautum og greinum deildarinnar þar sem við á.

#### 2.4 Fjármál

Deildarforseti er ábyrgur gagnvart forseta fræðasviðs fyrir því að starfsemi og námsframboð deildar sé í samræmi við fjárhagsáætlun deildar og fræðasviðs. Deildarforseti kemur að undirbúningi fjárhagsáætlun deildar með rekstrarstjóra og ef við á fjármálastjóra. Hann beitir sér fyrir öflun sértekna deildar og gerir tillögu til forseta fræðasviðs um ráðstöfun þeirra.

Sjá nánar meðfylgjandi verkefnalista.

Reykjavík 22. júní 2016

---

Nafn, forseti fræðasviðs

---

Nafn, deildarforseti